

SÍNE

Alþingi
Erindi nr. P 130/859
komudagur 19.1.2004

Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík hinn 19. janúar 2004

Efni: Umsögn - frumvarp til laga um styrktarsjóð námsmanna (mál nr. 133)

Með vísan í bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. desember 2003, þar sem Sambandi íslenskra námsmanna erlendis er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp um styrktarsjóð námsmanna (mál nr. 133).

Samband íslenskra námsmanna erlendis fagnar því að fram sé komið frumvarp sem að nokkru leyti svarar kalli námsmanna um styrktarsjóð, þar sem námsmönnum mun gefast kostur á að stunda framhaldsnám innlendis sem erlendis með óafturkræfri fjárhagsaðstoð úr opinberum sjóði. Þá er það einnig athyglisvert að sjá að einstaklingum mun gefast kostur á að styrkja námsmenn gegn skattalegu hagræði. Við lestur frumvarpsins koma í ljós nokkrir annmarkar og vill SÍNE gera grein fyrir þeim.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk sjóðsins, sem er að „styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla...“ en í greinargerð með frumvarpinu er talað um „óafturkræfa styrki til framhaldsnáms við innlenda eða erlenda skóla“. Að mati SÍNE væri hægt að túlka 1. gr. frumvarpsins mjög þröngt, sem útilokaði þá mjög stóran hóp námsmanna. Af þeirri ástæðu telur SÍNE brýnt að skýra nánar hvaða námsstig verði styrkhæft hjá styrktarsjóðnum.

Þá er fjallað um skipan stjórnar sjóðsins í 2. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að fjórar ólíkar námsmannahreyfingar skuli skipa sameiginlega tvo fulltrúa í stjórn sjóðsins. Þar sem um mjög ólíka hagsmunahópa hreyfinganna er að ræða telur SÍNE mjög mikilvægt og leggur til að Bandalag íslenskra sérskólanema, Samband íslenskra námsmanna erlendis, Iðnnemasamband Íslands og Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefni einn fulltrúa hvert til setu í stjórn styrktarsjóðsins.

SÍNE vill einnig vekja athygli á því að varasamt getur verið að einskorða úthlutun úr sjóðnum við efnilega nemendur, m.t.t. námsárangurs. Aðgengi þeirra sem standa sig með afbrigðum vel í námi er oft á tíðum auðveldara að ýmsum sjóðum en hinna sem etv. hafa ekki tæk á að helga sig alfarið náminu og skila því ekki sama árangri. Hér er t.d. átt við fjölskyldufólk og námsmenn sem eiga við fötlun að stríða.

Að síðustu vill SÍNE draga í efa að framlög einstaklinga til sjóðsins verði greidd án skilyrða og takmarkar það mjög þann hóp námsmanna sem fengi aðgang að fjármunum úr sjóði þessum. M.ö.o. er líklegt að þeir einstaklingar sem greiða muni fé til sjóðsins, gegn skattalegu hagræði, skilyrði útteilingu fjáris við venslamenn – sem hefðu að öllum líkindum haft aðgang að sama fjármagni hvort sem er.

Eins og fyrr segir fagnar SÍNE frumvarpinu, að teknu tilliti til athugasemda félagsins hér að framan, og mælir með að það nái fram að ganga í breyttri mynd og verði að lögum.

F.h. stjórnar SÍNE

Heiður Reynisdóttir
framkvæmdastjóri SÍNE

SÍNE - Hverfisgötu 105 - Sími: 552-5315 - Netfang: sine@sine.is
Vefang: www.sine.is